

Sovétþota rauf lofthelgi Japans

Tokjó 17. marz. AP. SOVÉZK sprengipota rauf í dag lofthelgi Japans yfir Tshushima-eyju í Sudur-Japan, að sögn japanska varnarmálaráðuneytisins. Fregnir hermdu að sprengipot-an, sem er af gerðinni Tu-95, oft

kölluð „Björninn“, hefði rofið lofthelgina í eina mínútu og 15 sekúndur. Vélín var á flugi ásamt annarri sams konar vél, en sú hélt sig utan við lofthelgi Japans. Þetta er í sjötta sinn sem sovézk flugvél rýfur lofthelgi Japans síðan 1967.

Frá lögreglu: Lýst eftir vitnum að ákeyrslum

SLYSARANNSÓKNADEILD lögreglunnar hefur beðið Morgunblaðið að auglýsa eftir vitnum að eftirfarandi ákeyrslum en í öllum tilvikum viku tjónvaldar af vettvangi án þess að láta af sér vita. Sími slysarannsóknadeildarinnar er 10200.

- Mánud. 20.2. Ekið á bifreiðina R-21594, Toyota fólksb., gula að lit, þar sem hún stóð á Vitastíg á móts við hús nr. 11 á tímabilinu kl. 15.30 — 6.30. Hægra framaurbretti var dælað. Miðvikud. 22.2.
- Ekið á bifreiðina Y-3775, Opel Fólksb., árg. 71, rauða að lit, þar sem hún stóð á móts við Sjúkumála 11. Skemmdir á vinstra afturaurbretti. Fimmtud. 23.2.
- Ekið á bifreiðina R-56100, Ford-Cortina, árg. 72, rauða að lit, á bifreiðastæði á móts við Jorfabakka 26—32. Bifreiðinni hafði verið lagt á stæðið 19.2. Kistulok var dælað.

- Laugard. 25.2. Ekið á bifreiðina R-9670, Fiat fólksb., árg. 74, græna að lit, þar sem hún stóð á móts við Víðimel 57, á tímabilinu kl. 18.00 þ. 24. til kl. 10.30 þennan dag. Vinstri hlíð bifreiðarinnar var dælað. Mánud. 27.2.
- Ekið á bifreiðina R-56867, Datsun fólksb., árg. 71, rauða að lit á móts við Hótel Loftleiðir. Bifreiðinni hafði verið lagt þarna miðvikud. 22. 2. kl. 07.00 og þar til sunnudaginn 26.2. kl. 14.00, en á þessum tíma hafði verið ekið á hana og var hægra afturaurbretti skemmt og stefnuljós brotið. Mánud. 27.2.
- Ekið á bifreiðina P-3288, Mazda fólksbif., árg. 78, brúna að lit, þar sem hún stóð á Snorrabraut skammt norðan gatnamóta Grettisgötu á tímabilinu kl. 20.30 — 23.00 kvöldið áður. Skemmdir voru á hægri afturhurð og afturaurbretti. Þriðjud. 28.2.
- Ekið á bifreiðina Y-6790, Austin-Mini fólksb., árg. 73, rauða að lit, þar sem hún stóð fyrir framan anddyri Laugarásbíos á tímabilinu kl. 23.10 — kvöldið áður til kl. 00.15 þennan dag. Vinstri hurð var dælað og hurðarhúnn brotinn. Svartur litur var í ákomu. Miðvikud. 1.3.
- Ekið á bifreiðina R-4690, Fiat fólksb., ljósrauða að lit, á stæði við Landspítalann á tímabilinu kl. 15.30—16.00. Vinstra framaurbretti var dælað. Fimmtud. 2.3.
- Ekið á bifreiðina R-49695, Ford-Cortina, árg. 68, bláa að lit, á móts við Verslunarbakkann í Bankastræti, á tímabilinu kl. 13.10 — 13.30. Vinstra afturljós var brotið. Fimmtud. 2.3.
- Ekið á bifreiðina R-8496, Datsun fólksbif., árg. 74, græna að lit, á bifreiðastæði á móts við Rauðarárstíg 20 á tímabilinu kl. 14.00 — 17.20. Vinstra framaurbretti var dælað. Föstud. 3.3.
- Ekið á bifreiðina R-7167, Volvo fólksb., árg. 73 bláa að lit, þar sem hún stóð á móts við Grettisgötu 48 um kl. 21.30. Ekið hafði verið aftan á bifreiðina og henni ýtt áfram og hafði sést til ferðar brúnnar bifreiðar, sennilega af amerískri gerð, sem var ekið þarna á brott á miklum hraða. R-7176 var mikið skemmd að aftan og á vinstri hlíð. Laugard. 4.3.
- Ekið á bifreiðina R-2569, Mazda fólksb., rauða að lit, þar sem hún stóð á móts við Álftamýri 14 um kl. 22.00. Talið er að tjónvaldur sé á bifreið af amerískri gerð. Skemmdir á R-2569 voru á framaurbretti vinstra megin. Miðvikud. 8.3.
- Ekið á bifreiðina Y-6889, Fiat fólksb., þar sem hún stóð á móts við Yogastöðina við Háttún um kl. 22.30. Skemmdir eru á vinstri hlíð fyrir aftan hurð. Föstud. 10.3. Ekið á bifreiðina R-45067, Ford-Escort, hvíta að lit, þar sem hún stóð á móts við Suðurlandsbraut 20, norðan við húsið, á tímabilinu kl. 10.00—10.45. Skemmdir voru á vinstri hurð. Laugard. 11.3.
- Ekið á bifreiðina R-51474, Transit sendiferðab., árg. 70, rauða að lit, þar sem hún stóð á móts við Nýlendugötu 27. Skemmdir voru á hægra framaurbretti.

Rostropovich krefst réttarhalda

Paris 17. marz AP. MSTISLAV Rostropovich, hinn heimsfrægj selóleikari, sem sviptur hefur verið sovézkum borgararétti sínum, sagði í dag, að hann væri fórnarlamb „siðferðislegar hryðjuverkaherferðar“ og sendi bréf til Leonid Brezhnevs, flokksleiðtoga Sovétríkjanna, og krafðist þess að opin réttarhöld yrðu haldin í máli sínu til að rökstyðja þá gerð, að hann fengi ekki lengur að vera sovézkur borgari. „Þér eruð að svipta okkur möguleikunum til að lifa, starfa og deylla í fódurlandi okkar, í því landi sem við erum fædd og höfum fórnað megninu af lífsstarfi okkar“, sagði í bréfinu til Brezhnevs. Bréfið var undirritað af Rostropovich og Galinu eiginkonu hans og dreift til skara fréttamanna í Grand Hotel í París, þar sem þau hjónin hafa aðsetur um sinn. Rostropovich sem fór frá Sovétríkjunum árið 1974 er fastur hljómsveitarstjóri bandarísku sínfónuhljómsveitarinnar í Washington D.C. Kona hans er þekkt óperusöngkona og giftist selóleikaranum árið 1955. Hún var einnig svipt ríkisborgarétti sínum og þar með er þeim meinað að snúa nokkru sinni aftur til Sovétríkjanna.

Sýnir listræn rúmteppi

Framhald af bls. 2 og segir Linda að þrátt fyrir að þetta sé mjög gömul listgrein sem rekja megi til Forn-Egypta sé hún alveg ný fyrir Evrópubúum. Kínverjar notuðu hins vegar stungin teppi til klæðagerðar og gera enn. Linda hélt fyrirlestur um listgrein sína í Menningarstofnun Bandaríkjanna nú í vikunni og sóttu hann um tvö hundruð manns. Sýningin á verkum hennar verður opnuð eins og fyrr segir í dag og stendur til 8. apríl. Í kvöld eftir opnun sýningarinnar mun hún kynna listgrein sína, aðferðir og svara fyrirspurnum.

Sprengja

Framhald af bls. 1. kjarnorkuversins og sagt að innan fárra mínútna spryngi sprengja í verinu. Lögregla sagðist telja, að aðskilnaðarhreyfing Baska, ETA, hefði komið sprengjunni fyrir. Þátttakendur í mótmælögöngu sem var farin í Bilbao á sunnudag til að mótmæla smíði kjarnorkuversins, hótuðu því að sprengja verði í loft upp áður en kjarnakljúfar þess kæmst í gang. Kjarnorkuverið er í 35 kílómetra fjarlægð frá Bilbao. Gjaldkeri í vegatollhúsi á hraðbrautinni milli Bilbao og frönsku landamæruna var skotinn til bana í nótt og lögreglan telur að einnig þar hafi ETA verið að verki. Vitni segja að skotið hafi verið á gjaldkerann úr bifreið með vélbyssu, en áður hafði ETA oft sinnið hótá gjaldkeranum.



Þessi sendibíll fór út af Sudurgötunni og steypiti sér niður Tjarnarbrekkuna að húsabaki. Enginn meiddist þó við þetta ferðalag og bíllinn skemmdist sama og ekkert.

Aldo Moro

Framhald af bls. 1. samtakanna sem sitja í fangelsi verði ekki sleppt úr haldi. Leitað hefur verið í hverju húsi í úthverfinu Monte Mario í Róm og hafin er leit í hellum og yfirgefnum byggingum í sveitinni í grenndinni. Tollverðir leita á sjó og leit er haldið áfram úr þylrum. Á landamærunum er leitað í öllum bifreiðum þar sem óstaðfestar fréttir herma að hryðjuverkamenn í mörgum löndum kunni að hafa staðið að mannráinu. Meðal margra sem hafa hringt til fjölmiðla og sagt bera ábyrgð á mannráinu var maður nokkur sem kvæðst vera félagi í vestur-þýzku hryðjuverkasamtökunum Baader-Meinhof. „Moro er hjá okkur“, sagði hann. Lögreglan segir að ógeringur sé að ganga úr skugga um hvort mark sé takandi á hringingunum, en þó telja þeir sem rannsaka málið að erlendir hryðjuverkamenn séu viðriðnir málið þótt þeir hafi lítið við að styðjast.

Olíubræk

Framhald af bls. 1. gífurleg. Skipið strandaði rétt fyrir utan lítið fiskiþorp og ferðamannaástand, Portsall. Um 2.000 íbúar þorpsins óttast að mengunin leggi fiskveiðar þeirra í rúst og verði til þess að ferðamenn hætti við að koma til þorpsins í sumar. Fiskimenn í þorpinu hafa í hyggju að fna til mótmæla þar sem lífsafkoma þeirra hefur komizt í hættu. 44 manna áhöfn skipsins var flutt burtu í þylrum í nótt. Skipið er fimm ára gamalt og sigldi undir Líberíufána. Það var á leið frá Persaflóa til Le Havre með 230.000 lestir af hráolíu. Þúsundir manna söfnuðust saman á ströndinni og fylgdust af áhuga með skipinu, en talsmaður fiskimanna sagði: „Þetta lendir allt á okkur. Það eru alltaf fiskimennirnir sem verða að taka á sig byrðarnar.“ Þetta er fjórði olíulekinn sem veldur mengun á strönd Bretagne síðan 1967 og getur orðið sá alvarlegasti. Mesta tjóninu til þessa olli Torrey Canyon 1967 þegar 30.000 lestir af 110.000 lesta farmi skipsins bárust á land í Englandi og Frakklandi.

Felldu niður

Framhald af bls. 48 skips taldi Gylfi að ynnu rúmlega 200 manns. Við uppskipunina hefur verið 8 gengi og því kvað hann þetta vera um 16 tíma tap fyrir fyrirtækið. Ætti þá eftir að draga kaffitímunn frá. Þetta hlyti því að seinka afgreiðslu eitthvað, þótt það hefði ekki þau áhrif að skip teðust í gær. Tvö Eimskipafélagsskip voru í Reykjavíkurbörn í gær. Guðmundur J. Guðmundsson, varaformaður Dagsbrúnar, kvað hér eingöngu hafa verið um að ræða aðgerðir, sem verkamennirnir sjálfir hefðu ákveðið. „Er það ekki þetta, sem kallað er Alþingi götunnar?“ spurði Guðmundur og hló. Guðmundur kvað menn hafa reiknað út, að mismunur á því kaup, sem samið hafi verið um við atvinnurekendur, og því, sem nú væri greitt, væri andvirði tveggja klukkustunda. „Það er eins og menn ynnu 40 klukkustundir á viku, en fengu greiddar 38,“ sagði Guðmundur. Morgunblaðið spurði hann þá, hvort verkamennirnir ætluðu að gera þetta að vikulegri venju til þess að jafna metin og kvað hann þá nei við. Ekkert slíkt lægi fyrir. Hins vegar lægi fyrir sú spurning, hvort í raun væri ekki komin 38 stunda vinnuvika, þar sem ekki væri greitt nema fyrir

Ísraelsmenn

Framhald af bls. 1. leigubíllana. Aðrir segja að leigubíllarnir hafi orðið fyrir sprengikúlum frá ísraelskum fallbyssubátum. En enginn staðfesti palestínskara fréttir um harða bardaga milli skæruliða og ísraelsks landgönguliðs sem sagt var að reyndi að einangra hafnarbæinn Tyrus. Í

Tel Aviv vildi talsmaður Ísraels hers ekkert um málið segja.

Fámennir hópar Palestínumanna berjast enn að baki víglínu Ísraelsmanna og þeir segjast hafa hæft ísraelskar byggðir með eldflaugum. Palestínskur talsmaður í Beirút sagði að skæruliðar sæktu niður úr hæðum Sudur-Líbanons og réðust aftan að Ísraelsmönnum. Fréttaritari Reuters á vígstöðvunum segir að ísraelskt herlið hafi sótt inn í Tebnine, eitt helzta vígi Palestínumanna í hæðunum. Hann segir að skæruliðar og vinstrisinnar Líbanir hafi hörfað frá bænum eftir loftárásir og fótgönguliðsárásir Ísraelsmanna. Í Jerúsalem hugleiddi Ísraelsstjórn í dag tillögu Bandaríkjamanna um brottflutning ísraelska herliðsins frá Sudur-Líbanon en án sýnilegs áhuga. Ísraelsstjórn sagði skömmu eftir innrásina að það væri ekki ætlunin að ísraelskt herlið yrði til frambúðar í Sudur-Líbanon og að herliðið yrði kallað burtu þegar samkomulag næðist um að palestínskum skæruliðum yrði bægt frá svæðinu.

1500 falla

Framhald af bls. 1. við að tilraun yrði gerð til að rjúfa umsótrið um Asmara eftir ófarir Sómalíumanna í Ogaden-audninni. Talsmaðurinn sagði að fjöldi þeirra kúbönsku hermanna, sem hefðu verið sendir til Asmara flugleiðis, væri kominn upp í 3.500.

Felldu niður

Framhald af bls. 48

þær. Effektífar vinnustundir eins og það hafi verið kallað hafi verið 37 stundir og 5 mínútur og því gætu þær nú verið 35 stundir og 5 mínútur ef kaffi- og matartímar væru ekki taldir með.

Verðlagsdómur hafnar . . .

Framhald af bls. 48 kæmu fram í vísitölu er tekin væri 1. maí nk. og kæmi hún þannig fyrst fram í launum 1. júní, sem aftur yrði þá ekki greidd í flestum tilfellum fyrr en í lok þess mánaðar hjá verzluninni. Kvað Georg það hafa komið skýrt fram á fundi verðlagsnefndar þegar umrædd ákvörðun hefði verið tekin, að í haust gæti því verið eðlilegt að endurskoða þessa ákvörðun aftur og í samræmi við þetta hefði síðan annar fulltrúi verzlunarinnar lagt fram á fundinum tillögu þess efnis að ákvörðunin félli úr gildi 15. júlí nk. enda yrði þá launakostnaður af völdum gengisfellingarinnar farið að gæta að marki.

Georg kvaðst einnig hafa vitneskju um, að Verðlagsdómur hefði neitað að taka umrædda kæru verzlunarinnar til meðferðar fyrir dómnum, þar sem þarna væri ekki um opinbert mál að ræða og því kvaðst Georg ekki telja tímabært að ræða þessa kæru verzlunarinnar frekar að sinni.

Minning Guðrún

Framhald af bls. 39 samhent við að byggja upp heimilið og hlúa að því á allan hátt. — Hver fær skilið þá ráðstöfun almættis að kalla nokkurn burt úr starfi svo þýðingarmiklu? E.t.v. var tilgangurinn sá að kenna okkur, samferðarmönnum Rúnu, að lifa lífinu. Eitt er víst, að lærdómsríkt var það, þótt sárt væri, að kynna þeirri hetjulund, sem Rúna sýndi í þessari löngu baráttu við manninn með ljáinn. — Þjáningar sínar bar hún ekki á torg, heldur reyndi af öllum mætti að dylja þær á bak við glöðlyndi sitt, létt spaug, æðruleysi og óbilgírni. Ég er forsóninni þakklát fyrir, að mér auðnaðist að eiga Guðrúnu Valtýsdóttur að vini, samfylgdin með henni var ómetanleg og gleymist aldrei. — Ég og fjölskylda mín öll biðjum henni blessunar. Eiginmanni hennar og börnum, móður, systkinum og öðrum ástvinum vottum við okkar dýpstu samúð og biðjum þess, að ljúfar minningar megi verða þeim huggunarmi gegn. Rannveig Edda Hálfánard.